

verður því að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 1000.00 auk dráttarvaxta, eins og krafizt er.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Bókaverzlunin Edda h/f, greiði stefnanda, bæjarfógetanum á Akureyri sem innheimtumanni ríkissjóðs, kr. 1000.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. marz 1956.

Nr. 139/1955. **Ákærvaldið** (Jóhannes Elíasson hdl.)

gegn

Guðmundi Ísleifi Gíslasyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi. Brot gegn 261. gr. sbr. 264. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að ákærði verður ekki sviptur stýrimannsréttindum, þar sem þess er eigi krafizt í ákæruskjali.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu skipstjóraréttinda ákærða og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóhannesar Eliassonar héraðsdómslögmanns og Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 28. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldinu gegn Guðmundi Ísleifi Gíslasyni skipstjóra, Neskaupstað. Er hann með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu 4. f. m., ákærður fyrir brot gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er ákærði talinn hafa gerzt brotlegur við nefnd lagaákvæði „með því að láta Berg Nielsen, skipverja á b/v Agli rauða, NK 104, sem er útlendingur og hefur ekki íslensk skipstjórnarréttindi, fara með stjórn togarans Egils rauða frá kl. 15.30 26. janúar s.l. og þar til togarinn strandaði um kl. 18.30 sama dag innarlega undir Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp og koma aðeins þrisvar upp á stjórnþall á fyrrnefndu tímabili til að líta eftir siglingu skipsins, þó að togarinn væri nálægt landi, farið væri að dimma og skyggni væri lélegt, svo og að gefa óglögg fyrirmæli um siglingu skipsins á þessu tímabili í stað þess að vera sjálfur við stjórn skipsins eða hafa annan hvorn stýrimanninn við stjórn þess og hafa í gangi öðru hvoru bæði dýptarmæli og radartæki. Urðu afleiðingar framangreindrar vanrækslu ákærða þær, að togarinn fórst og 5 skipverjar drukknuðu“.

Þess er krafist í ákæruskjalinu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt 264. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júní 1924 á Borg í Öguruhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, hefur eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 26. janúar 1955, um kl. 18.30, strandaði togarinn Egill rauði frá Neskaupstað innarlega undir Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp. Gereyðilagðist skipið á skömmum tíma, en fimm menn af 34 manna áhöfn, sem á skipinu var, fórust. B/v Egill

rauði hafði verið að veiðum á Halamiðum, en sunnudaginn 23. janúar var siglt í landvar inn á Ísafjarðardjúp og ýmist látið reka þar eða lónað utan við skip, sem lágu í vari undir Grænuhlíð. Á miðvikudag var siglt út fyrir Rit til að athuga veiðiveður, en kl. 13.30 sama dag var snúið til lands og skipið stöðvað kl. 14.30 tæpa sjómílu innan við Rit, réttar tvær sjómílu frá landi. Þann tíma, sem skipið var í landvari og lónaði í Djúpinu, skiptu yfirmenn þannig með sér vöktum, að 2. stýrimaður var á verði frá kl. 0.30 til 6.30, 1. stýrimaður frá kl. 6.30 til 12.30 og aftur frá kl. 18.30 til 0.30, en skipstjóri sá um vaktina frá kl. 12.30 til 18.30. Þannig var og tilhögun vakta miðvikudaginn 26. janúar. Af áhöfn togarans voru allmargir Færeyingar, en í þeirra hópi voru a. m. k. þrír, er hafa dönsk réttindi til skipstjórnar á togurum á stærð við Egil rauða. Að ráði ákærða var svo ákveðið, að menn þessir skyldu vera „vaktformenn“ á stjórnþalli í fjarveru ákærða og stýrimanna þaðan. Einn þessara manna, Kristján Niels Peter Berg Nielsen, var vaktformaður á stjórnþalli miðvikudaginn 26. janúar frá kl. 15.30 og allt til þess, að skipið strandaði. Með honum á stjórnþalli allan þenna tíma voru tveir samlandar hans, báðir hásetar, og stóð annar þeirra við stýrið. Frá kl. 14.30 til kl. 18.00 var ákærði, sem eins og áður getur, átti vakt á þessum tíma, í íbúð sinni, sem var undir stjórnþalli. Á þeim tíma kom hann tvívegis upp á stjórnþall. Samkvæmt vottorði frá Veðurstofunni var veður á Galtarvita umræddan dag kl. 17.00 og 18.00 þannig: NE 8, snjócoma, skyggni 07—08 km og mikill sjór. Um kl. 18.00, er ákærði var á leið til kvöldverðar, kom hann við á stjórnþalli og kveðst þá hafa gefið vaktformanni fyrirmæli um siglingu skipsins. Er ákærði hafði matazt, fór hann enn upp á stjórnþall, opnaði glugga og leit út, en þar eð hann sá ekkert ljós frá nærliggjandi skipi, hringdi hann á „stopp“ og setti ratsjána í gang. Rétt í þann mund tók skipið niðri fyrra sinni. Kveðst ákærði þá hafa hringt á fulla ferð aftur á bak og sett stýrið hart í stjórnborða. Kallaði ákærði til loftskeytamanns að ná sambandi við b/v Austfirðing og tilkynna strandið, en þá losnaði skipið af grunni. Skömmu síðar kastaðist skipið til og sneri nú inn með landi. Ákærði kveðst þá ekki hafa þorað að „bakka“ lengur, en hugðist „taka fullt áfram“. Er ákærði var að hringja í því skyni, tók skipið svo hastarlega niðri, að hann kastaðist frá bb-vélsíma yfir að dyrunum stjórnborðsmegin, og var nú hringt úr vél á stöðvun. Litlu seinna kom 1. vélstjóri upp á stjórnþall og tilkynnti, að skipið væri rífið í botninn í vélarrúmi. Strax og skipið tók niðri í

síðara skiptið, hallaðist það svo mjög á stjórnborðshlið, að ekki var stætt á stjórnvallsgólfinu án þess að halda sér, og gekk sjór yfir skipið allt í ólögnum. Nokkru síðar brotnaði skipið í tvennt um „hálfdekkið“. Rambaði framhluti þess í fyrstu til og frá, en var sokkinn á föstudagsmorgun. Er skipið tók niðri í fyrra skiptið, munu flestir skipverjar hafa verið í borðsal, en í seinna skiptið á bátapalli eða á leið þangað. Allir komust skipverjar á stjórnvall, að undanskildum þeim fjórum Íslendingum, sem fórust, en þeir voru Magnús Guðmundsson háseti, Hjörleifur Þór Helgason kyndari, Atli Stefánsson kyndari og faðir hans, Stefán Einarsson 3. vélstjóri. Er það álit ákærða, að menn þessir hafa farizt, er þeir voru að reyna að komast upp á stjórnvall. Vitnið Einar B. H. Friðbjörnsson kveðst hafa séð Magnús Guðmundsson, eftir að það kom upp á bátapall. Að sögn vitnisins aðstoðaði Magnús vitnið við að koma á sig bjargbelti, en eftir það sá vitnið Magnús ekki. Þá hefur vitnið Jóhan Vitus Sacharíasson, er sat að snæðingi í borðsal, er skipið strandaði, skýrt svo frá, að Magnús Guðmundsson hafi þá verið staddur þar ásamt mörgum skipverjum. Hins vegar minnst vitni þetta þess ekki að hafa séð þarna hina Íslendingana, sem fórust, og Magnús sá vitnið ekki eftir þetta. Vitnið Guðmundur I. Bjarnason kveðst hafa séð þá feðga Atla og Stefán á ganginum fyrir framan niðurgang í káetu, er vitnið fór upp á stjórnvall skömmu eftir strandið til að tilkynna ákærða, að mikill leki væri í vélarúmi. Vitnið kveðst hafa sagt þeim feðgum að ná sér í hlífðarföt og fara síðan upp. Eftir þetta kveðst vitnið ekki hafa séð þá feðga. Aðrir þeir af áhöfn togarans, sem vætti báru við sjóferðapróf út af strandinu, urðu engir varir við Íslendingana fjóra, sem fórust, eftir að skipið strandaði. Skipverjar þeir, sem af komust, höfðust við í kortaklefanum og ganginum, er lá niður að íbúð ákærða, og voru þar í vari fyrir ólögnum, er sífellt gengu yfir skipið. Eftir að olía úr skipinu rann í sjóinn, urðu þó ólögin óreglulegri en áður og ekki eins skörp. Flestir voru skipverjar gegnblautir og lítt klæddir margir, en ekki viðlit að fara niður í skipið til að ná í fatnað. Tilraun var gerð til að setja stjórnborðsbjörgunarbatinn á flot, en báturinn brotnaði, áður en það tækist. Hins vegar var ógerningur að setja bakborðsbjörgunarbatinn út vegna brims. Skotið var eldflaugum og reynt að kynda bál, en hvort tveggja tókst illa. Milli kl. 9.00 og 10.00 næsta morgun hófst björgun skipverja frá sjó. Var henni hagað þannig, að taug frá m/b Andvara var fest í ratsjármastur b/v Egils rauða. Eftir taug þessari var björgunarstóll dreginn milli skipanna, og var hann í sjó alla leiðina, en niður úr honum var poki svo djúpur, að hann

náði manni í mitti. Á björgunarstólnum voru belgir, svo að hann flaut vel. Ekki gafst tími til þess milli ólaganna að binda skip-verja í björgunarstólinn, og Færeyingur sá, er fórst, Sofus Dalberg Skorðahlíð, féll útbyrðis og drukknaði, er verið var að koma honum í stólinn. Að öðru leyti gekk björgun frá sjó vel, og var 13 mönnum bjargað þannig. Um kl. 14.00 þenna sama dag hófst björgun úr landi. Var 16 mönnum bjargað þannig, þ. á m. ákærða, er síðastur yfirgaf skipið. Er það samróma álit allra vitna, að björgunin, bæði frá sjó og úr landi, hafi gengið vel.

Guðmundur Ísleifur Gíslason, ákærði í máli þessu, skýrir svo frá, að í þau tvö skipti, er hann hafi komið upp á stjórnþall, meðan látið var reka inn með Grænuhlíð, hafi hann séð, að skipið rak utan við skip þau, er lágu við akkeri inn með allri hliðinni. Segir ákærði, að vel hafi sézt til skipa þessara í bæði skiptin. Um kl. 18.00, er ákærði kom upp á stjórnþall þriðja sinni á leið til kvöldverðar, kveðst hann hafa séð ljósin á innsta skipinu, er ákærði veit eigi nafn á, en telur hafa verið enskan togara. Kveðst ákærði hafa miðað skip þetta á áttavita, og reyndist það vera í stefnu NA. Ákærði kveðst hafa sagt „vaktformanni“, Berg Nielsen, að kippa Agli rauða að skipi þessu, en sjálfur hafi hann hringt á hæga ferð áfram og litið á vélsímann, er svarað hafi sömu ferð og beðið var um. Ákærði kveðst þó hafa ástæðu til að ætla, að ferð skipsins hafi verið meiri en um var beðið. Er ákærði mælti svo fyrir, að kippa skyldi Agli rauða að greindu skipi, kveðst hann hafa staðið við hlið Bergs Nielsens, en man eigi, hvort hann nafngreindi hann, er hann gaf þessi fyrirmæli, en hafi hins vegar talið sjálfsagt, að Berg Nielsen sem „vaktformaður“ hlustaði eftir fyrir-mælum hans. Ákærði kveðst hafa áætlað, að skip það, er kippa átti Agli rauða að, væri í um einnar sjómílu fjarlægð um þetta leyti. Eigi minnst ákærði þess, að á þessum tíma hafi verið snjó-koma, og landsýn athugaði hann ekki sérstaklega. Ákærði kveður Egil rauða hafa verið að snúast í stefnu NA og að ljósum margnefnds skips, er hann fór niður að matast. Telur hann víst, að Berg Nielsen hafi séð ljósin á skipi þessu og að jafnframt muni honum hafa verið ljós afstaða Egils rauða til lands. Telur ákærði, að Berg Nielsen hafi átt að skilja fyrirmæli sín svo, að eigi ætti að sigla Agli rauða lengra en að innsta skipinu. Ákærði kveðst álíta, að Berg Nielsen hafi eigi látið stýra skipinu í NA, eins og hann hafi fyrirskipað, en eigi athugaði hann, er hann kom upp á stjórnþall frá mat, hver stefna skipsins þá var. Ákærði telur, að Berg Nielsen hafi skilið fyrirmæli þau, er hann hafi gefið honum um siglingu skipsins. Hafi Berg Nielsen oft áður, er hann var eigi

ánægður með skipanir hans, látið það í ljós við hann, en eigi man ákærði, að Nielsen endurtæki fyrirskipun hans í umrætt skipti. Telur ákærði, að Nielsen hafi skilið íslenzku sæmilega, enda hafi auðveldlega verið hægt að halda uppi samræðum við hann á íslenzku um algeng málefni. Eigi kveðst ákærði hafa orðið þess var, að Agli rauða væri siglt á tímabilinu frá 15.30 til 18.00 umræddan dag, eins og fram kemur í framburði Bergs Nielsens, er rakinn verður hér á eftir. Segir ákærði, að það hafi verið venja, að hann eða 1. stýrimaður væru látnir vita, ef skipinu var kippt upp undir skipin, er lágu undir Grænuhlíð. Telur ákærði, að hann hefði átt að verða þess var, hefði skipinu verið siglt á þessum tíma, þar sem hann hafi verið vakandi allan tímann. Hins vegar fullyrðir ákærði ekki, að skipinu hafi eigi verið siglt á þessum tíma, en hefði honum verið um það kunnugt, kveðst hann mundu hafa athugað betur aðstæður heldur en hann gerði, áður en hann gaf fyrirmæli um að sigla í stefnu NA. Eigi kveðst ákærði hafa séð ástæðu til að setja ratsjá skipsins í gang þau tvö skipti, sem hann kom upp á stjórnþall á greindu tímabili, þar sem skip hans hafi verið utan við skip þau, er lágu fyrir akkerum undir hlífinni, og hann hafi vitað, hvar þau lágu. Ákærði kveður ratsjá skipsins hafa verið í lagi svo og legufæri þess, akkeri og keðjur og spil. Tveir dýptarmælar voru í skipinu, annar sjálfritari, og var hann í lagi. Eigi kveðst ákærði hafa sett dýptarmælinn í gang í umrætt skipti né heldur sagt Nielsen að gera það. Kveður hann Nielsen eigi hafa kunnað að fara með ratsjána, en hins vegar hafi hann nokkrum sinnum sýnt honum, hvernig setja ætti dýptarmælinn í gang. Kveður ákærði loftskeytamanninn hafa verið mjög hjálplegan þeim, er á stjórnþalli voru, við að setja ratsjá og dýptarmæli í gang, og hafi hann oftast haldið sig í klefa sínum, nema þegar hann mataðist.

Kristján Niels Peter Berg Nielsen háseti hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið upp á stjórnþall kl. 15.30 umræddan dag. Hafi skipið þá verið látið reka inn með Grænuhlíð. Hvorki skipstjóri né stýrimenn voru á stjórnþalli, er vitnið kom þangað. Hins vegar voru þar þrír Færeyingar, er vitnið man eigi nöfn á. Vitnið kveður 2. stýrimann hafa komið upp á stjórnþall, rétt eftir að vitnið kom þangað. Hafi hann mælt svo fyrir, að skipinu skyldi siglt í áttina til skipa, er nær landi lágu. Síðan hafi 2. stýrimaður farið af stjórnþalli. Vitnið kveðst hafa byrjað að láta sigla skipinu í átt til skipa þessara kl. 16.55, og hafi verið siglt í um það bil hálfa klukkustund með hægri ferð og í stefnu austur. Eftir þessa siglingu hafi Egill rauði verið kominn í grennd við greind skip.

Kveðst vitnið þá hafa látið stöðva vélina og skipið reka, en gengið hafi á með snjóéljum um þetta leyti. Vitnið kveður ákærða hafa komið á stjórnþall kl. um 18.00. Hafi hann hringt í vélsímann á hæga ferð áfram og sagt, að skipinu skyldi siglt í NA, en eigi hafi hann snúið sér til neins sérstaks á stjórnþalli með fyrirmæli þessi, en þá hafi verið þar auk ákærða og vitnisins Olavur Joensen, er var við stýrið, svo og annar Færeyingur, er vitnið man eigi, hvað hét. Eigi kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja í umrætt skipti, að kippa ætti Agli rauða að skipi eða skipsljósum, er væru í þessari stefnu. Kveðst vitnið ekkert ljós hafa séð í stefnu þessari eða nálægt henni, hvorki er ákærði gaf skipun um að sigla í þá stefnu né meðan á þeirri siglingu stóð. Vitnið kveðst hafa litið eftir því, að siglt væri í stefnu þá, er ákærði gaf upp, en ákærði hafi brugðið sér frá. Fullyrðir vitnið, að skipið hafi eigi farið hraðar en með hægri ferð. Eigi var vitninu ljóst, hvernig afstaða stefnunnar NA, er siglt var í, var, miðað við land, og eigi kveðst vitnið hafa gert sér grein fyrir því, hve lengi skipinu yrði siglt í stefnu þessa. Hafi það gert ráð fyrir, að ákærði kæmi fljótlega upp á stjórnþall aftur. Vitnið kveðst eigi hafa veitt því athygli, í hvaða átt skipið sneri, áður en byrjað var að sigla því í NA, og eigi hafi það gert sér grein fyrir því, að skipið væri nálægt landi, er sigling þessi hófst. Eigi lét vitnið þess getið við ákærða, að skipinu hefði verið siglt kl. 16.55, en er ákærði kom upp á stjórnþall kl. 18.00, kveðst vitnið hafa bent honum á skip þau, er legið hafi undir Grænuhlíð og sézt frá Agli rauða. Hafi skip þessi verið fyrir aftan Egil rauða þvert á bakborða. Eigi hefur ákærði viljað kannast við, að vitnið hafi vakið athygli hans á skipum þessum. Vitnið kveður skip þessi hafa verið þrjú, og hafi það fyrst veitt þeim athygli, áður en farið var að sigla Agli rauða í fyrra skiptið, og hafi sézt til þeirra fyrst framan af, eftir að byrjað var að sigla aftur rétt eftir kl. 18.00, en eigi treystir vitnið sér til að ákveða afstöðu þeirra þá til Egils rauða. Vitnið kveður framglugga á stjórnþalli hafa verið lokaða, en ein rúðan í þeim hafi snúizt. Hafi því eigi fest snjó á henni, og var horft út um hana. Þá hafi gluggi verið opinn stjórnborðsmegin á stjórnþalli. Vitnið gizkar á, að 20—25 mínútur hafi liðið, frá því að ákærði fór af stjórnþalli kl. 18.00 og til þess, er hann kom aftur. Hafi ákærði þá þegar hringt „stop“ í vélsímann. Augnabliki eftir að ákærði kom upp á stjórnþall í umrætt skipti, kveðst vitnið hafa gengið út á brúarvænginn, og í þeim svifum hafi skipið tekið niðri. Telur vitnið, að nokkrar mínútur hafi liðið, frá því er skipið kenndi fyrst grunns og þar til það var alveg strandað, en getur eigi ákvarðað þann tíma ná-

kvæmlega. Vitnið kveðst hafa réttindi til að stjórna skipum af öllum stærðum, er fiskveiðar stunda, þó eigi fyrir sunnan 35. breiddarbaug. Kveður vitnið það oft hafa komið fyrir, að ákærði og stýrimenn fælu honum eftirlit á stjórnþalli í fjarveru þeirra. Vitnið kveðst eigi hafa kunnað að setja sjálfritandi dýptarmælinn í gang, en mælir þessi hafi venjulega verið notaður, og eigi hafi ákærði kennt honum það. Hins vegar hafi ákærði einu sinni sýnt vitninu, hvernig lesa ætti á dýptarmæli þenna, en þá hafi hann verið í gangi. Hinn dýptarmælinn kveðst vitnið hafa kunnað að fara með og sett hann í gang, er hann hóf að sigla skipinu í fyrra sinnið, en mælirinn hafi þá eigi sýnt neitt. Eigi kunni vitnið heldur að setja ratsjána í gang og veit eigi til þess, að hún hafi verið í gangi, er skipinu var siglt á tímabilinu frá kl. um 15.30 til 18.20 umræddan dag. Þá kveðst vitnið eigi þekkja vel ströndina á þessum slóðum.

Vitnið Olavur Joensen Skopen háseti kveðst hafa komið á stjórnþall kl. 15.30 umræddan dag ásamt Berg Nielsen. Eigi man vitnið, hverjir voru á stjórnþalli, er það kom þangað. Hafi skipið þá legið kyrrt, þó eigi við legufæri. Vitnið kveðst síðan hafa verið á stjórnþalli allt til þess, er skipið strandaði. Nokkru eftir að vitnið kom upp á stjórnþall, kveðst það hafa séð ljós frá þremur skipum á bakborða. Vitnið minnst þess, að 2. stýrimaður kæmi einu sinni upp á stjórnþall, en tók ekki eftir, að hann gæfi neinar sérstakar fyrirskipanir. Þá man vitnið, að þann tíma, er það var á stjórnþalli í umrætt skipti, var skipinu siglt tvisvar, og var vitnið við stýrið í bæði skiptin. Í fyrra skiptið hafi skipinu verið siglt í austur á hægri ferð (slow), en eigi getur vitnið um það sagt, hve lengi þá var siglt, en er siglingunni var hætt í þetta skipti, hafi ljósin á skipunum þremur verið nálægt og á bakborða. Vitnið kveðst eigi vita, hver gefið hafi fyrirmæli um þessa siglingu, en heldur, að það hafi verið ákærði. Vitnið man, að ákærði kom á stjórnþall um kl. 18.00. Hafi hann þá hringt í vélsímann á hæga ferð áfram og mælt svo fyrir, að skipinu skyldi siglt í NA, og nefnt í því sambandi ljós framundan í þeirri stefnu.

Eigi rekur vitnið minni til, að ákærði kvæði á um, að siglingunni skyldi hætt, er komið væri að ljósi þessu. Vitnið kveðst eigi hafa séð ljós þetta fyrst, er siglingin hófst, það hafi séð ljós dálitla stund, meðan siglt var, en misst fljótlega sjónar af því aftur. Hafi ljós þetta eigi sézt beint framundan, en vitnið minnst, að það hafi verið heldur á bakborða. Er vitni þetta kom fyrir dóm aftur nokkrum dögum síðar, breytti það fyrri framburði sínum um þetta atriði. Kvaðst vitnið þá eigi muna, hvort ákærði minnt-

ist á skipsljós í stefnu NA, er hann gaf þá stefnu, en vitnið telur öruggt, að það hafi siglt í stefnu þessa. Vitnið man ekki eftir því, að ákærði sneri sér til neins sérstaks á stjórnþalli, er hann gaf fyrirmæli um siglingu skipsins í umrætt skipti. Hann hafi einungis gefið upp stefnuna, er siglt skyldi í. Er skipinu var siglt í síðara skiptið, kveðst vitnið hafa séð skipsljós til bakborða, er siglingin hófst, en áður en skipinu hafði verið snúið í stefnuna NA. Eftir það hafi það engin ljós séð.

Vitnið Jens Evald Viderö háseti kveðst hafa komið á stjórnþall ásamt þeim B. Nielsen og O. Joensen um kl. 15.30 umræddan dag og verið þar stöðugt, til þess er skipið strandaði. Vitnið kveðst muna, að skipinu hafi tvisvar verið siglt á þessum tíma. Telur vitnið, að í fyrra skiptið hafi því verið siglt í um það bil hálfa klukkustund í stefnu austur og að einhverju leyti í áttina til tveggja skipa, er vitnið hafi tekið eftir á bakborða, en eigi treystist vitnið til að segja um afstöðu skipa þessara til Egils rauða, er þessari fyrri siglingu var hætt. Eigi man vitni þetta, hvort ákærði eða stýrimenn hafi komið á stjórnþall á tímabilinu, frá því að vitnið kom þangað og þar til umræddri siglingu lauk, og það kveðst eigi vita, hver gefið hafi fyrirmæli um hana, né veitt því athygli, hver gaf merki í vélsímann um siglinguna. Vitnið kveðst eigi muna, hvað klukkan var, er ákærði kom upp á stjórnþall, en hann hafi þá gefið þau fyrirmæli, að sigla skyldi upp að skipunum. Framburð sinn um þetta atriði leiðrétti vitnið þegar og kvað nú ákærða hafa gefið fyrirmæli um að sigla í stefnu NA. Vitnið kveðst eigi minnst þess, að ákærði segði, að siglt skyldi að skipsljósum eða ljósi í stefnu þessari. Kveðst vitnið ekkert ljós hafa séð í stefnu þessari, en skipsljós hafi það hins vegar séð allt að því þvert á bakborða, að það telur. Vitnið kveður ákærða hafa gefið merki í vélsímann, er sigling þessi hófst, en eigi hafi það heyrt hann hafa orð á því, hve lengi skyldi siglt í NA. Telur vitnið, að siglt hafi verið á hægri ferð (slow). Vitnið kveður ákærða hafa yfirgefið stjórnþall, er hann hafði stillt vél-símann og gefið fyrirmæli þessi. Eigi man vitnið, hve lengi hann var burtu, en hann hafi komið fljótlega aftur. Minnir vitnið, að strax og ákærði kom á stjórnþall aftur, hafi hann hringt í vél-símann á „stopp“ og farið inn í kortaklefan að því loknu. Vitnið kveður skipið hafa tekið niðri, svo að segja þegar eftir að ákærði kom á stjórnþall. Vitnið kveðst þegar hafa farið af stjórnþalli, er skipið kenndi grunns, en man eigi, hvort þeir Nielsen og Joensen fóru þá einnig þaðan.

Vitnið Pétur Hafsteinn Sigurðsson 2. stýrimaður hefur skýrt

svo frá, að er eigi var verið að veiðum, en skipið úti í sjó, hafi það átt að vera á verði sex tíma á sólarhring, oftast frá kl. 0.30 til 6.30. Öðrum vöktum sólarhringsins hafi verið skipt á milli þriggja Færeyinga, er verið hafi „vaktformenn“, hver á sinni vakt. Svo hafi og verið umræddan dag. Vitnið segir, að ávallt, er skipið var að veiðum, hafi ýmist ákærði eða 1. stýrimaður verið á stjórnþalli, og oft hafi 1. stýrimaður verið á verði á stjórnþalli, enda þótt skipið væri eigi að veiðum. Vitnið kveðst minnst þess, að það hafi einu sinni komið á stjórnþall, eftir að Nielsen tók við vaktformennsku umræddan dag. Kveðst vitnið hafa farið inn í loftskýrtaklefan, og hafi Nielsen komið þangað og sagt í spurnartón: „Förum við ekki að skipunum?“ Hafi hann þar átt við skip, er verið hafi landmegin við Egil rauða undir Grænuhlíð. Minnir vitnið, að það hafi jánkað þessu. Kveðst það skömmu síðar hafa farið aftur í skipið og eigi veitt því athygli, hvort skipinu hafi verið siglt eftir þetta. Vitnið segir, að er það kom úr káetu sinni, eftir að skipið hafði tekið niðri, hafi ekki verið snjókoma, en vitnið minnir, að skyggni hafi verið lélegt.

Vitnið Einar Baldvin Hólm Friðbjarnarson 2. vélstjóri kveðst hafa verið á verði í vélarrúmi frá kl. 12.30 til 18.30 umræddan dag. Vitnið minnst þess, að það hafi að minnsta kosti einu sinni skroppið upp í matsal fyrir kl. 18.00, en verið geti, að það hafi skroppið oftast upp, en man eigi nánar, á hvaða tíma það hafi verið. Vitnið kveður skipinu eigi hafa verið siglt á tímabilinu frá því um kl. 15.30 til kl. um 18.00, meðan það var niðri, en vel geti verið, að því hafi verið siglt á hægri ferð, meðan vitnið var uppi. Eigi sé auðvelt að veita því athygli, þar eð aftari ljósavél hafi verið í gangi. Þá sé hugsanlegt, að hurð í borðsal hafi verið lokuð, en vitnið kveðst hafa veitt því athygli áður, að ekki heyrðist í borðsalnum, þótt vélin væri látin ganga með hægri ferð, ef hurðin var lokuð. Vitnið kveðst vera viss um það, að vélin hafi verið sett á hæga ferð, er hringt var frá stjórnþalli kl. 18.00 á hæga ferð áfram, og enn fremur, að vélin hafi verið stillt á hæga ferð allan tímann, sem siglt var í umrætt skipti. Sé stillt á hæga ferð, meðan vélin er köld, geti hún aukið eitthvað við sig, er hún hitnar. Í umrætt skipti hafi vélinni verið haldið nokkuð heitri, svo að hún hafi ekki getað aukið nema óverulega við sig. Í skýrslu, er lögð var fram við sjóferðapróf út af strandinu, undirritaðri af vitninu og Guðmundi I. Bjarnasyni 1. vélstjóra, er var á verði í vélarrúmi kl. 6.30—12.30 umræddan dag, segir svo orðrétt m. a.: „Haldið við þrýstingi á katli, dælt frá austurrúmum, vélin stöðvuð kl. 14.35. Látið reka og vélinni haldið heitri til kl.

18.00. Þá hringt á hæga ferð. Stöðvuð kl. 18.20. Litlu síðar tók skipið niðri, og þá hringt á fulla ferð aftur á bak, stóð á því ca 2 mínútur. Tók þá skipið hart niðri og hallaðist þá mikið á stb. Því næst var hringt á fulla ferð áfram . . .“

Vitnið Guðjón Marteinnsson 1. stýrimaður hefur skýrt svo frá, að það hafi eigi orðið þess vart, að skipinu væri siglt á tímabilinu frá kl. 15.30 til 18.00 umræddan dag, en eigi man vitnið, hvar það hélt sig í skipinu á þeim tíma.

Er sjóslys það varð, er í máli þessu greinir, átti ákærði varðstöðu á stjórnþalli, eða nánar tilgreint frá kl. 12.30 til 18.30. Allan þenna tíma kom ákærði einungis þrisvar á stjórnþall og sýnist hafa átt þar skamma viðdvöl hverju sinni. Hins vegar fól hann einum hásetanum, færeyskum manni, stjórn skipsins í fjarveru sinni af stjórnþalli, enda þótt honum bæri að sjá um, að annar þeirra tveggja stýrimanna, er skráðir voru á skipið, væru ávallt á stjórnþalli, er hann var þar eigi sjálfur. Maður sá, er hér um ræðir, hafði að vísu erlend réttindi til stjórnar skipum á stærð við Egil rauða, en að sjálfs hans sögn var hann lítt kunnugur á þessum slóðum og kunni hvorki að fara með ratsjá skipsins né dýptarmæli þann, sem í lagi var. Var því hvorugt þessara tækja notað í umrætt skipti, enda þótt notkun þeirra væri sjálfsögð og nauðsynleg öryggisráðstöfun, eins og á stóð, þar sem skipið var nálægt landi, myrkur á og skyggni eigi gott, en ströndin grýtt og víða hættuleg á þessum slóðum. Ákærða bar að kynna sér rækilega, hver hafði verið sigling skipsins og hver fararstaður þess, er hann gaf fyrirmæli um siglinguna kl. 18.00. Hins vegar er ósannað, hver nánari fyrirmæli ákærði kann að hafa gefið um þá siglingu önnur en þau, að siglt skyldi í stefnu NA, en mikils ósamræmis gætir í framburði ákærða og Færeyinga þeirra, er á stjórnþalli voru, um það atriði.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að mjög hefur á það skort, að ákærði rækti á viðhlítandi hátt skyldur þær, sem á honum hvíldu sem skipstjóra, en með vanrækslu þessari varð ákærði valdur að fyrrnefndu strandi. Hefur ákærði vegna þeirra afleiðinga, sem af þessari vanrækslu hans urðu, brotið gegn ákvæðum 261. gr. laga nr. 56/1914 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber samkvæmt 264. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, að svipta ákærða skipstjóra- og stýrimannsréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar,

þar með talinna málssóknarlauna skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hrl., og málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 2500.00 til hvors.

Dóm þenna kvað upp Einar Arnalds, formaður dómsins, ásamt samdómendunum Hafsteini Bergþórssyni útgerðarstjóra, Pétri Björnssyni skipstjóra og sjómönnunum Jóni Ármannssyni og Jóni Ó. Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ísleifur Gíslason, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur réttindum til skipstjórnar og stýrimennsku í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1956.

Nr. 8/1954. **Aðalsteinn Guðnason** (Ragnar Jónsson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður E. Ólason).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1954 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.